

Menningarstefna Dalvíkurbyggðar

Inngangur

Menningarstefna Dalvíkurbyggðar er staðfesting og viðurkenning sveitarstjórnar á mikilvægi og gildi menningarlífs í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar vill stuðla að öflugum og frjóum lista- og menningarlífi í Dalvíkurbyggð í samstarfi við aðra opinbera aðila, frjáls félagasamtök og einstaklinga. Menningarmál falla ekki undir lögbundnar skyldur sveitarfélaga. Þrátt fyrir það eru þau grundvöllur lífsgæða í hverju samfélagi.

Menning og listir auðga líf einstaklinganna og hafa mikla þýðingu fyrir velferð þeirra og samfélagsins í heild. Markmið menningarstefnu Dalvíkurbyggðar er að skapa sem best skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun hins sameiginlega menningararfs okkar og tryggja eftir föngum að allir geti notið menningarlífs. Enn fremur að búa í haginn fyrir skapandi, lifandi listastarfsemi og stuðla að þátttöku íbúanna á því sviði.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur áherslu á, að sérstaða Dalvíkurbyggðar sem menningarsamfélags verði eflað. Öflugt menningarlíf er ein frumforsenda þess að landsbyggðin geti haldið sínum hlut, í þeirri óhjákvæmlegu samkeppni sem ríkir milli landsvæða um fólk og fyrirtæki. Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar vill, að þær lista- og menningarstofnanir sem Dalvíkurbyggð rekur eða á aðild að tengist samfélaginu á eins frjóan og fjölbreytilegan hátt og unnt er og setji sér það markmið að starfsemi þeirra nái til sem flestra. Mikilvægt er að menningarstofnanir og ferðaþjónustuaðilar auki samstarf og samráð sín á milli, til þess að gera þessi markmið að veruleika. Stuðla ber að sem bestu samstarfi við aðrar lista- og menningarstofnanir og sérstaklega er þá mikilvægt, að efla tengsl við nágrannasveitarfélög Dalvíkurbyggðar á menningarsviðinu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar vill, að þær lista- og menningarstofnanir sem Dalvíkurbyggð rekur eða á aðild að, njóti eins mikils sjálfstæðis í störfum sínum og kostur er, innan þeirra starfsáætlana og fjárhagsramma sem þeim er settur hverju sinni.

Stefna

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur á stefnuskrá að:

- Efla menningarstarf í sveitarfélaginu, hlúa að því sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.
- Efla vitund íbúa byggðarinnar sem og annarra fyrir menningararfi okkar og menningarlegum sérkennum.
- Stuðla að sem fjölbreyttasta framboði á listviðburðum og menningarstarfi hvers konar sem geri Dalvíkurbyggð að betri og fýsilegri stað til að búa á.
- Stuðla að og efla menningartengda ferðamennsku.
- Styðja við bakið á hinum ýmsu menningarfélögum með beinum og óbeinum hætti.
- Stuðla að menningarlæsi fyrir börn í víðum skilningi.

Meginmarkmið

Í samræmi við menningarstefnu sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar ber að vinna að eftirfarandi meginmarkmiðum:

Bókasafn

Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir bæjarbúa og ferðamenn. Allir íbúar sveitarfélagsins fá lánþegakort sér að kostnaðarlausu og er þar með jafnt aðgengi allra að safnkosti tryggt, óháð fjárhagsstöðu einstaklinga. Bókasafnið starfar í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla byggðalagsins og býður upp á vikulegar heimsóknir á safnið fyrir leikskólabörn.

Bókasafnið býður upp á fjölbreytta viðburði, sem styðja bæði við bóklegt- og menningarlegt læsi fyrir börn og fullorðna. Dalvíkurbyggð er fjölmennningarlegt samfélag og skal starfsemi bókasafnsins áfram taka mið af því.

Héraðsskjalasafnið

Safnið er aðgengilegt fyrir almenning og fræðimenn. Umbætur, á aðstöðu til sýninga á skjölum, ljósmyndum og miðlun á safnkosti, verða áfram hafðar að leiðarljósi.

Haldið verður áfram kerfisbundinni söfnun og skráningu á skjölum, ljósmyndum, kvikmyndum, tónlistar- og myndbandsupptökum og öðru efni sem kann að hafa varðveislugildi fyrir byggðarlagið og íbúa þess

Áfram verði unnið að bættri umhirðu og viðhaldi á listaverkasafni.
(sjá nánar viðmið um listaverkasafn).

Byggðasafnið Hvoll

Safnkostur verði áfram flokkaður og skráningu haldið áfram í Sarpi.

Unnið verði áfram að forvörslumálum og geymsla og varðveisla muna tryggð.

Unnið verði að frekara samstarfi við leik- og grunnskóla með öflugra safnfræðslu að leiðarljósi.

Söfnunarstefnu safnsins má sjá á heimasíðu þess og skal endurskoðuð reglulega.

Sögulegar minjar

Í framhaldi af fornleifaskráningu í sveitarfélaginu verði unnið að varðveislu, merkingu og kynningu á fornminjum, sögustöðum og öðrum sögulegum minjum, í því skyni, að gera söguna sýnilega heimamönnum og ferðafólki. Unnið í samvinnu við umhverfisráð Dalvíkurbyggðar.

Sett fram langtímaáætlun um húsafriðun, varðveislu mannvirkja og húsaskráningu.

Menningarhúsið Berg

Menningarhúsið býður upp á jafnan möguleika fyrir alla til að láta ljós sitt skína, er viðkemur listum og menningu.

Sveitarfélagið styrkir rekstur menningarfélagsins Bergs skv. samningum þar um.

Tónlist

Áhersla verði lögð á að styðja við bakið á því blómlega tónlistarlífi sem Dalvíkurbyggð státar af. Lagt verði kapp á að efla samstarf við tónlistahópa- og félög á Norðurlandi.

Kórar og tónlistarhópar í Dalvíkurbyggð njóti stuðnings sveitarfélagsins við ný verkefni eins og kostur er.

Sveitarfélagið reki áfram tónlistarskóla þar sem börnum og fullorðnum verði boðið upp á tækifæri til menntunar á sem flestum sviðum tónlistar, innan starfs- og fjárhagsáætlunar Tónlistarskólans á Tröllaskaga hverju sinni.



DALVÍKURBYGGÐ

Leiklist

Sveitarfélagið styðji við bakið á starfsemi Leikfélags Dalvíkur og við aðrar leiklistarupptakomur heimamanna.

Myndlist, aðrar listgreinar

Sveitarfélagið styðji við fjölbreytta listsköpun eins og kostur er.

Uppbygging á menningarstoðum í Dalvíkurbyggð á gildistíma þessarar stefnu:

- Stefnt verði að því að nýta Ungó til menningartengdra viðburða.
- Menningarráð hafi á hverju ári fjármagn til að vinna að völdum uppbyggingarverkefnum, til að marka sveitarfélaginu frekari sérstöðu.
- Haldið verði *málþing um menningu* á kjörtímabilinu.
- **Menningar- og viðurkenningarsjóður:**

Menningarráð skal úthluta styrkjum af framlagi til menningarmála, samkvæmt samþykktum „Vinnureglum Menningarráðs um úthlutun styrkja af framlagi til menningarmála“.

- **Endurskoðun:**

Menningarráð skal endurskoða menningarstefnu Dalvíkurbyggðar á hverju kjörtímabili.

Endurskoðuð í Menningarráði þann 25.05.2021

Staðfest í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 15.06.2021